

Sp. 286. Tillaga til þingsályktunar [136. mál]

um eflingu Háskóla Íslands.

Flm.: Ólafur Jóhannesson, Helgi Bergs, Jón Skaftason, Ingvar Gíslason,
Karl Kristjánsson, Jón Kjartansson, Einar Ágústsson,
Halldór Ásgrímsson, Páll Þorsteinsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta semja í samráði við háskólaráð áætlun um skipulega eflingu Háskóla Íslands á næstu tuttugu árum. Áætlunin skal síðan lögð fyrir Alþingi til samþykktar.

Greinargerð.

Flestir munu sammála um, að nauðsynlegt sé að efla Háskóla Íslands, svo sem geta þjóðarinnar framast leyfir. Liggja til þess mörg rök. Vísindaleg menntun er ein öruggasta fjárfesting hværrar þjóðar. Í nútímaþjóðfélagi er sívaxandi þörf fyrir háskólamenntaða menn og hvers konar sérfræðinga. Vísindalegar rannsóknir og hvers konar tækni verða æ mikilvægari undirstöður undir efnahagslegri velgengni. Stúdentafjöldinn fer vaxandi. Stúdentar við Háskóla Íslands eru nú um 950. Gert er ráð fyrir, að tala þeirra muni þrefaldast á næstu tveim áratugum. Aukningin mundi þó efalaust verða mun meiri, er háskóladeildum og kennslugreinum væri fjölgað, svo að nokkru næmi, en á því er einmitt brýn nauðsyn, bæði vegna þarfarinnar á háskólamenntuðum sérfræðingum og til þess að opna stúdentum nýjar leiðir til sérfræðináms hér heima.

Það þarf að efla þær háskóladeildir, sem fyrir eru, fjölga þar kennurum og bæta kennsluskilyrði og rannsóknaraðstöðu. Það þarf að efla bókasafn og rannsóknarstofnanir. Það þarf með ýmsum hætti að stórbæta aðstöðu stúdentanna, og má sízt af öllu gleyma þeim mikilvæga þætti, þegar rætt er um eflingu háskólans. Það þarf að fjölga háskóladeildum og taka upp kennslu í nýjum fræðigreinum og ýmsum þáttum raunvísinda. Var rækileg grein gerð fyrir þessum málum í ræðu háskólarektors 1. des. s. 1.

Að þessum málum öllum þarf að vinna með skipulegum hætti. Þar má ekkert handahóf ráða. Það eru skynsamleg vinnubrögð að gera áætlun um skipulega eflingu háskólans á tilteknu árabili fram í tímann, t. d. um tvo næstu áratugi, svo sem hér er gert ráð fyrir. Það er eðlilegt, að háskólaráð og menntamálaráðuneyti vinni í sameiningu að slíkri áætlunargerð. Annars gætu árekstrar á milli þessara aðila orðið framkvæmdum til tafar. Síðan á að festa áætlunina með alþingissamþykkt. Þá er tryggt svo vel sem unnt er, að eftir áætluninni verði raunverulega farið í framkvæmdinni.

Á síðastliðnu ári gerði háskólaráð áætlun um nauðsynlega fjölgun fastra kennara við núverandi háskóladeildir á næstu 10 árum. Þessi áætlun var send ríkisstjórninni, en ekki er vitað, að hve miklu leyti hún verður lögð til grundvallar. Á árinu 1964 var aðeins stofnað eitt prófessorsembætti í stað þriggja, sem tillögur voru gerðar um. Og enn hefur ríkisstjórnin ekki opinberlega gefið neina skýrslu um þessi mál. Það er því fullkomin ástæða til þess að fá áætlun um þessi mál öll ásamt greinargerð lagða fyrir Alþingi. Hafi Alþingi markað eða staðfest stefnuna, verður eigi frá henni horfið, nema gildar ástæður komi til.

Allar menningarþjóðir kappkosta nú að efla háskóla sína og vísindalega menntun. Er t. d. mikil hreyfing í þá átt á Norðurlöndum. Við Íslendingar megum sannarlega gá að okkur að dragast ekki aftur úr í þessum efnum. Þess vegna er áætlunargerð sú, sem um ræðir í þessari þingsályktunartillögu, fyllilega tímabær.

Fyrir málinu verður nánari grein gerð í framsögu.